

Ed.

457. Frumvarp til laga

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

1. gr.

17. gr. laganni falli burt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Undir eins og jarðræktarlagafrumvarp það, er samþykkt var og staðfest 1936, kom fram, hraus mörgum búandmanni hugur við ákvæðum 17. gr. þess. Töldu þeir, að þau skilyrði, sem þar voru sett fyrir jarðræktarstyrknum, drægju úr höndum landeiganda að nokkru þann óvæfengda eignarrétt, er hann áður hafði yfir jörð sinni. Þótt jarðræktarlög þessi veittu stórum meira fé til jarðabóta en áður hafði verið, náði það skammt til þess að kefja kurr þann, sem þegar var orðinn í sveitum landsins gegn ákvæðum nefndrar greinar. Kvað svo rammt að þeirri óánægju, að ýmsir tryggustu fylgismenn annars þess flokks, sem aðallega stóð að kvaðagreini þessari, gerðu ágreining og létu líklega, að þeir mundu slíta af sér flokksböndin, ef ekki yrði ráðin þar bót á. Hafa ýmsir bændur kosið heldur að verða án þess styrks, er þeim bar fyrir unnar jarðabætur, en leggja haft á eignarjörðina. Margt hefur verið rætt og ritað um þessa illræmdu lagagrein, og helzt enn fullkomlega sú gremja, er greinin vakti í öndverðu. Þykir mörgum þrengra fyrir dyrum, þegar meiri eða minni hluti jarðar þeirra er sérmetinn í fasteignabókum og þeir eru ekki framar óvæfengdir eigendur hans. Þá hafa margir þeirra, er framarlega stóðu í fornælendaflokki 17. greinarinnar, lýst yfir því, að ákvæði greinarinnar hefðu ekki náð þeim tilgangi, sem þeim í upphafi var ætlað að ná. Var og millipinganevnd sú, er búnaðarþingið kaus 1939, sammála um að fella greinina niður, en þegar á búnaðarþing kom 1941, skiptust leiðir þingmanna um það, hver ákvæði skyldu koma um fasteignir í stað hennar eða hvort nokkrar hömlur bæri að leggja á fasteign, þótt ríkisstyrkur væri veittur á umbætur, sem á henni væru framkvæmdar. En á síðastliðnu aðalbúnaðarþingi var því samhljóða lýst yfir af þingheimi, að ákvæði 17. gr. hefðu ekki náð því marki, er aðstandendur hennar höfðu gert ráð fyrir, og bæri því að leita annarra leiða til að halda niðri verðlagi jarða.

Reynt hefur verið hér þing eftir þing að fá afnunda þessa illræmdu grein jarðræktarlaganna, en verndarar hennar hafa jafnan orðið liðfleiri. Þrátt fyrir það skal enn gerð tilraun til þess að höggva af bændum það helsi, sem á þá hefur verið lagt með ákvæðum téðrar greinar. Benda má á það, að stórlendueigendur innan kaupstaða hafa fengið kvaðalausán jarðræktarstyrk á jarðabætur, sem á þeim löndum hafa verið gerðar, en slíkir styrkir hafa oft verið margfaldir að upphæð við kvaðastyrki 17. gr.

Þá hefur verið talið, að kvaðir þær, er fylgja byggingarstyrkjum til sveitabýla, ættu samleið með kvöðum 17. gr., og tel ég það rétt vera, að hvort tveggja hverfi sem allra fyrst. Þó hef ég ekki í frv. þessu tekið upp breytingar annarra laga en jarðræktarlaganna. Fáí frv. þetta góðan byr hér á þingi, má gera annað af tvennu, eftir því sem við þykir eiga, taka upp í frv. þetta þau ákvæði, er fella niður kvaðir vegna byggingarstyrks sveitabýla, eða bera fram sérstakt frv. um það efni.